

Á uppleið (einpáttungur)

Þórarinn Stefánsson 2004.

Angantýr, Brynhildur og Cecilia eru stödd í lyftu. Þau eru öll á svipuðum aldri og klæðnaðurinn bendir til þess að þau geti verið starfsmenn fjármálafyrirtækis eða lögfræðingar. Þau reyna að leiða hvert annað hjá sér og forðast augnsamband. Skyndilega heyrast skruðningar og þau kikna í hnjúnum eins og jarðskjálfti hafi riðið yfir. Þeim virðist öllum brugðið en reyna að láta ekki á neinu bera.

Angantýr: Hvað er eiginlega að gerast? (*Hann reynir að ýta á takkana í stjórnborðinu án árangurs*). Andskotans!

Brynhildur: Það er eitthvað bilað. Ýttu á rauða takkann, þennan með bjöllunni... Já, þennan. Þá hringir hjá húsverðinum og þeir redda þessu... Það er enginn neyðarsími hérna - er það nokkuð?

(Þau líta í kringum sig).

Angantýr: Heyrðu, ég er með gema – ég redda þessu. (*Gripur upp síma og byrjar að hringja*).

Brynhildur: Ertu með númerið hjá húsverðinum?

Angantýr: Nei, ég hringi bara í 112. (*Setur símann upp að eyranu*).

Brynhildur: Nei blessaður vertu ekki að því maður. Hvað heldurðu að löggan geti gert í þessu? (*Angantýr hikar*). Við hljótum að geta hringt í húsvörðinn. Ég skal græja þetta...

(Angantýr leggur á með semingi og hann og Cecilia fylgjast með Brynhildi taka upp síma og hringja).

Brynhildur: Góðan dag, mig vantar númer hjá húsverðinum í Borgartúni 64... Já, takk fyrir... Geturðu gefið mér samband? Takk. (*Þögn*). Góðan daginn, ég heiti Brynhildur og ég er föst í lyftu... hérna í húsinu... á sirka... 8. eða 10. hæð... Já... Hún stoppaði bara allt í einu og dyrnar opnast ekki... OK... Flott er.

(Brynhildur leggur á og setur símann í vasann í rólegheitum).

Angantýr: Hvað sagði hann?

Brynhildur: Hann ætlar að hringja í lyftugæjana og þeir redda þessu.

Angantýr: Ég vona bara að þeir verði fljótir að því...

(Þögn).

Angantýr: Fyrirgefðu, hvað sagðistu heita? Brynhildur?

Brynhildur: Ha? Já...

Angantýr: Bjóstu einhverntíman á Seyðisfirði?

Brynhildur: Ha? Já, ég bjó þar í... tvö ár þegar ég var krakki.

Angantýr: Mér fannst ég kannast við þig! Sjitt hvað þetta er lítill heimur! Manstu ekki eftir mér? Angantýr... við vorum saman í bekk...

Brynhildur: Aggi gubb?

Angantýr: Ha? Já... ég er nú aldrei kallaður það lengur...

Cecilía: Bíddu, heitirðu Angantýr? Fórstu einhverntíman í sumarþúðir kirkjunnar? Á Eiðum?

Angantýr: Ha? Ég? Já, ég fór eitthvað tvisvar held ég...

Cecilía: Þú manst kannski ekki eftir mér? Cecilía... Frá Fáskrúðsfirði...

Angantýr: Nei... ég get ekki sagt... nei...

Cecilía: Ég var með henni Betu á herbergi. Þú hlýtur nú að muna eftir henni... Þú varst slefandi upp í hana næstum allan tímann!

Angantýr: *(Hugsar sig um).* Já, bíddu... Var hún ekki ljóshærð

Cecilía: Nei hún var með litað hár, kolsvart.

Angantýr: Var hún ekki soldið búttuð?

Cecilía: Nei hún var mjó.

Angantýr: *(Rennur upp fyrir honum ljós).* Já, hún var á... hérna... hækjum eiginlega allan tímann.

Cecilía: Nei ... jú! Það passar.

Angantýr: Bíddu... fótbrotnaði hún eða... ?

Cecilía: Nei, hún sneri sig í kúluvarpi.

Angantýr: Já... einmitt...

(Þögn).

- Cecilía: Annars minnir mig að þú hafir nú meira verið að spá í mig til að byrja með
- Angantýr: Já, þú segir það...
- Cecilía: Svo sneri Beta sig og þá átti hún náttúrulega erfitt með að forða sér á hlaupum...
- Angantýr: Annars er fyndið að maður er búinn að fara milljón sinnum í lyftu og aldrei þekkja neinn. Nú þekki ég bara alla...
- Brynhildur: En ef lyftan hefði ekki bilað? Þá hefðirðu aldrei fattað að þú ættir að þekkja okkur... er það nokkuð?
- Angantýr: Já, þú meinar...
(Þögn).
- Angantýr: Það sem ég skil ekki er hvernig lyfta í svona nýju húsi getur bilað. Ég meina... þetta er ekki nema nokkurra ára gamalt. Varla hefur rafmagnið farið?
- Brynhildur: Ég veit ekki, ljósið hefur logað allan tímann. *(Ósjálfrátt líta þau öll upp).*
(Þögn).
- Angantýr: Þið eruð ekkert með ... hérna... innilokunarkennd er það? *(Þær hrista höfuðin).* Nei, það er gott... Já já ... Þið eruð náttúrulega báðar fluttar í bæinn... Fyrir löngu?
(Brynhildur og Cecilía kinka báðar kalli).
- Angantýr: Vinnið þið kannski hérna í húsinu? Eða önnur hvor ykkar?
- Brynhildur: Nei, ég er nú bara að fara á fund...
- Cecilía: Já, ekki ég heldur, ég er að fara á námskeið...
- Brynhildur: En þú? Vinnur þú hérna?
- Angantýr: Nei, ég er líka bara að fara á fund... Hvað eruð þið að gera?
- Cecilía: Við?
- Brynhildur: Hvað erum við að gera?
- Angantýr: Já, ég meina – hvað vinnið þið við?
- Brynhildur: *(Dregur upp vasapela, spösk á svip).* Ja, það vill nú svo til að ég er reyndar leigumorðingi...

- Angantýr: Þú! Leigumorðingi?
- Brynhildur: Má bjóða ykkur sjúss?
- Angantýr: ... Eh, nei takk.
- Cecilía: Þú ert nú ekki sérlega morðingjaleg...
- Brynhildur: (*Fær sér góðan sjúss*). Nú, haldiði að allir leigumorðingjar líti út eins og Bruce Willis? Eða Stallone? ... Ég get sagt ykkur að bestu morðingjarnir eru þeir sem hverfa í fjöldann... Eru bara svona venjulegar manneskjur.
- Cecilía: Það er nú varla brjáláð að gera hjá leigumorðingja í Reykjavík. Það er ekki eins og það sé verið að skjóta menn í hausinn á hverjum degi...
- Brynhildur: Nei, kannski ekki... En menn eru að detta í höfnina, verða úti í fjallgöngum, fá hjartaáfall... (*Glottir*). Gamla reiðarslagið... og deyja úr hundaæði...
- Angantýr: Hei, komm-on! Ég veit að það hefur ekki komið upp hundaæði á Íslandi síðan um aldamótin 1900 – ég sá það í Gettu betur um daginn!
- Brynhildur: Nei, fjölskyldan vildi ekki að það færi í blöðin...
- Cecilía: Þannig að þú ert þá svona alþjóðlegur glæpamaður? Íslenski sjakalinn? Eftirlýst af FBI og CIA?
- Brynhildur: Nei, ætli það. Reyndar fór ég einu sinni til Færeyja... í verkefni, þvílíkt klúður... (*Andvarpar*). Haldiði að karlfauskurinn sem ég átti að afgreiða hafi ekki fengið hjartaáfall og drepist sama dag og ég kom. Ég meina... ef hann hefði getað drullast til að drepast daginn eftir hefðu þeir kannski trúað því að ég hefði gert það, en nei... ég var í helvítis flugvélinni þegar hann drapst. Það gat ekki verið augljósara... Svo ég fékk ekki krónu út úr því helvíti. (*Fær sér sopa*).
- Cecilía: Og hvað kostar það svo að losna við einhvern?
- Brynhildur: Sorri, en ég ræði aldrei um verð. (*Setur pelann í vasann*). Sjáðu til, það geta allir logið því í þig að þeir séu leigumorðingjar... (*Fer í James Bond pósu með vísifingursbyssu og blæs svo á fingurinn*). En ef maður er farinn að tala um verð þá er maður næstum kominn út í samningaviðræður og það er allt annað mál... (*Brosir*). Og eins og þeir segja í Ferrari-búðinni; “Ef þú þarft að spyrja um verðið þá hefurðu ekki efni á bílnum!”
- Angantýr: Og ertu hérna í vinnuferð? Á kannski að stúta einhverjum í húsinu? Kannski okkur tveimur? (*Þykist hræddur*).

- Brynhildur: Nei, ég er nú bara að... tékka á lífeyrissjóðnum, líftryggingunni og svona...
(*Pögn.*)
- Angantýr: Djöfull þarf ég að míga...
- Cecilía: En þú? Ert þú kannski líka leigumorðingi?
- Angantýr: Ha? Ég? Nei, ég er nú bara... hérna... í veistu... í klámmyndum!
- Brynhildur: Nú, ertu leikari?
- Angantýr: Nei, ég er hérna... framleiðandi.
- Brynhildur: Noh! Bara nýr Hrafn Gunnlaugsson. Þú...gerðir kannski hérna... Delinn flýgur!
- Cecilía: (*Með tilgerðarlegri djúpri rödd.*) Þungur deli!
- Brynhildur: Í skugga delans!
- Angantýr: Nei, hérna... Ég vinn mest erlendis, í Hollywood og Þýskalandi.
- Brynhildur: Ach jah! Der Schwartswaldfucken mit der Grosse Mustasch! Jah bitte...
Ich komme! Jah!
- Angantýr: (*Ræskir sig.*) Nei ég er... hérna... mest í framleiðslunni... og skrifa handrit.
- Brynhildur: (*Með uppgerðar áhuga.*) Já, veistu, mig hefur alltaf langað til að verða klámstjarna. Hvað gerir maður, eru auglýstar prufur og svona?
- Angantýr: Ja, ég lenti nú bara í þessu fyrir tilviljun. Ég var í partíi í hérna...
Düsseldorf ... uuu ... fyrir nokkrum árum og þá var þar eitthvað lið sem sagðist vera í kláminu ... hérna ... spreðandi peningum og dópi í allar áttir. Ég hélt náttúrulega að þau væru bara að djóka í mér... En stelpurnar voru að fíla mig og ... hérna ... mína hæfileika.
- Cecilía: Já, er ekki rosalega krefjandi undirbúningur fyrir svona myndatökur, ég meina...
- Angantýr: Ha?
- Cecilía: ... leikararnir þurfa að læra handritið og vinna í sinni persónusköpun og svona?
- Angantýr: Uuu...
- Brynhildur: Hvernig er það, þarf maður ekki að vera með rosalega stórt tippi til að fá hlutverk í klámmyndum?

- Angantýr: Ha? ... Jú ... Jújú. (*Hagræðir sér.*)
(*Þögn.*)
- Brynhildur: Og ertu kannski að fara að taka upp mynd hérna? Einkaritarinn og verðbréfadvergarnir sjö?
- Angantýr: Nei... Ég er nú bara að... fara að ræða við bankastjórann. Skoða fjármögnun... og svoleiðis. Fyrir ... hérna ... næstu mynd.
(*Þögn. Brynhildur fær sér sjúss og Angantý er greinilega orðið töluvert mál auk þess sem hann virðist með vaxandi innilokunarkennd og andar ótt og títt.*)
- Brynhildur: En þú... Se... Silja?
- Cecilía: Cecilía.
- Brynhildur: Hvað gerir þú svo?
- Cecilía: (*Sjálförugg*). Ég er málsvari myrkrahöfðingjans.
- Angantýr: Ha?
- Cecilía: Málsvari myrkrahöfðingjans. Umboðsmaður djöfulsins. Þú veist, djöfulsins, andskotans... Lúsífer, Satan...
- Angantýr: Bíddu, ertu þá í einhverjum sértrúarsöfnuði?
- Cecilía: Nei, þetta er bara vinnan mín. Ég sé um að útvega nýja viðskiptavinum, leiði menn í freistni, fæ þá til að afsala sálum sínum... og svoleiðis...
- Brynhildur: Já... Og hvernig er svo að vinna fyrir hann? Andskotann meina ég... Er hann hress yfirmaður?
- Angantýr: Alltaf stuð á skrifstofunni og svona?
- Brynhildur: Og fylgja þessu einhver fríðindi?
- Cecilía: Ég fæ alls konar fríðindi. Til dæmis fæ ég einn hreinan svein... afhentann vikulega...
- Angantýr: Jaá... það er aldeilis...
- Brynhildur: En hvað ertu að gera hér? Eruð þið með útibú hérna? (*Með draugalegri röddu*). Eða varstu kannski á leið niður?

- Cecilía: Hérna? Þetta skal ég segja þér er aðal markhópurinn... (*Bendir í kringum sig*). Þetta hús er sko fullt af fólki sem er tilbúið að selja sál sína. Fólki að mínu skapi!
- Brynhildur: Og hvernig virkar þetta svo? Ég meina... Ertu með staðlaðan samning sem menn undirrita? Í blóði auðvitað...
- Cecilía: Maður byrjar náttúrulega smátt, þreifur fyrir sér... Ég er einmitt að fara að halda byrjendanámskeið.
- Angantýr: Byrjendanámskeið?
- Cecilía: Já, það er sett upp sem svona sjálfsstyrkingarnámskeið. Hvernig á að meika það í bissniss, púkka undir sjálfan sig á kostnað meðborgaranna... Brilljant leið til að ná í nýtt blóð... Draga þá rólega inn og láta þá sjálfa um að flækja sig í netinu...
- (*Þögn. Angantý er greinilega farið að líða illa*).
- Angantýr: Uuu ... hérna ... ef ég væri í dómnefnd þá myndi ég segja að ... hérna ... leigumorðingjasagan hefði unnið í lygasögukeppninni okkar... Þetta með djöfulinn var samt líka ágætis pæling...
- Cecilía: Já, leigumorðingjasagan var fin.
- Brynhildur: (*Þykist vera hræð*). Takk, takk.
- Angantýr: (*Gripur fram í*). Ókei, ókei... Ætla þeir ekki að fara að drullast til að opna þessa helvítis lyftu? Ég þarf að miga!
- Brynhildur: (*Dregur fram vasapelann*). Við getum klárað úr þessum og þá getur þú fengið hann lánaðan... (*Angantýr gefur henni illt auga*). Bara hugmynd... (*Fær sér sopa og býður hinum sem afþakka með bendingum*).
- (*Þögn*).
- Brynhildur: Nú væri gott ef eitthvert okkar hefði sambönd hjá almættinu. (*Horfir á Cecilíu*). Eða á neðri hæðinni...
- Angantýr: Já, veistu, núna væri ég alveg til í að gera einhverskonar samning við djöfulinn... bara til þess að komast á helvítis klósettið.
- Cecilía: Þannig að þú værir til í að selja sál þína, bara til þess að geta pissað?
- Angantýr: (*Áberandi í spreng*). Hættið að tala um að pissa, það gerir bara illt verra. En andskotinn hafi það, já, ég myndi selja sál mína til að komast á klósett á næstu fimm mínútum.

Brynhildur: *(Með ýktri röddu)*. Ég vona bara að þú þurfir ekki að skrifa undir í blóði...

Cecilía: Nei, ætli munnlegt samkomulag sé ekki tekið gilt líka. Svo erum við með vitni...

Angantýr: *(Alveg að missa sig)*. Andskotans!

Cecilía: Ekki viljum við að þú pissir á þig hérna í lyftunni. Eigum við ekki að sjá hvort ég geti gert eitthvað í málinu? Ertu alveg visssss ...

Angantýr: Argh! Já!

(Hún stígur fram og smellir fingrum. Þau kippast öll til eins og slynkur hafi komið á lyftuna og í bakgrunni heyrir vélarhljóð).

Cecilía: *(Með uppgerðar undrun)*. Nei, sko! Er ekki lyftan bara komin í gang... og hún er á leiðinni niður... *(Brosir til Angantýs)*.

(Tjaldið fellur).

Samið sumarið 2004, fínússað í samstarfi við leikstjóra og leikhóp fyrir uppfærslu Hugleiks í Kaffileikhúsinu október 2004.